Býður sig fram til forystu

Teitur Björn Einarsson

Það eru ákveðin forréttindi að búa úti á landi, landsbyggðin hefur marga kosti sem þéttbýlið hefur ekki. En lífsbaráttan er ansi hörð, atvinnuástand oft á tíðum ótryggt, þannig að halda verður vel á spöðum og nýta þau tækifæri sem gefast.

Í litlum samfélögum skiptir máli hvað hver og einn leggur af mörkum og áhrifin eru oft á tíðum sýnilegri og hafa áhrif á samfélagið í heild. Slík samfélög eru gefandi, þau gefa mikið af sér og slá stærri samfélögum við sem hafa upp á fjölbreyttari möguleika að bjóða. Það er styrkur minni samfélaga en þau eru líka að kljást við sína veikleika í lífsbaráttunni, þau þurfa að sækja fram og bæta lífskjörin.“

– sjá bls. 6-7

Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 28. júlí 2016 · 29. tbl. · 33. árg. ·Ókeypis eintak

Haukadalur í Dýrafirði. Mynd: Davíð Davíðsson.

HAMRABORG

Hamraborg ehf • Hafnastræti 7
Sími 456 3166

HAMRABORG SAMLOKA Geymist við 0-4°C
með hangikjöti og salati

HAMRABORG SAMLOKA Geymist við 0-4°C
með roastbeef

HAMRABORG SAMLOKA Geymist við 0-4°C
með kjúklingasalati

HAMRABORG SAMLOKA Geymist við 0-4°C
með rækjum og eggjum

Alltaf nýsmurt

Útgefandi: *Athafnagleði ehf., kt. 690715-0740*
Afgreiðsla og ritstjórn: *Mánagötu 2, Ísafirði, sími 456 4560*
Ritstjóri BB og bb.is: *Bryndís Sigurðardóttir, 896 9838, bb@bb.is*
Ábyrgðarmaður: *Bryndís Sigurðardóttir.*
Blaðamaður: *Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is*
Auglýsingar: *Sími 456 4560, auglysingar@bb.is*
Prentvinnsla: *Litróf ehf.*
Upplag: *2.200 eintök*
Dreifing: *Íslandspóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum*
Stafræn útgáfa: *www.bb.is / facebook.com/pages/bbis*
Önnur útgáfa: *Á ferð um Vestfirði*
ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á póstfangið bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Drullaðu þér vestur

Um helgina er slegið í áttunda Mýrarboltamótið og mikið um dýrðir því fyrir utan boltaspark í drullusvaði mun fjölbreyttur hópur tónlistarmanna stíga á stokk víða um bæinn. Mýrarboltinn er frábærlega skemmtilegur viðburður, fyrir þátttakendur en ekki síður áhorfendur, það má með sanni segja að gleðin sé við völd á þessu móti. Og það er ekki bara tuðruspark í drullu sem boðið er upp á um helgina því í Súðavík er gönguhátíðin og þar kennir ýmissa grasa. Það eru á dagskrá langar og stuttar göngur með leiðsögn og inn á milli grillveislur, hafragrautur og tónleikar og fyrir hátíðinni standa Súðavíkurhreppur, göngufélag Súðavíkur, gönguklúbburinn Vesen og vergangur og Eyvindur ehf. Engum ætti því að leiðast um helgina og vonandi tekst okkur að skemmta okkur fallega og engum detti í hug að vera fáviti, en forsvarsmaður útihátíðarinnar Eistnaflugs, Stefán Magnússon, skilgreinir ofbeldismenn og nauðgara sem fávita.

Og nú þegar örlítið er farið að rökkva má sjá þess merki að stjórnmálaflokkar eru smátt og smátt að hefja undirbúning fyrir kosningar sem reiknað er með að verði í október. Frambjóðendur stíga fram einn af öðrum og máta sig í hentug sæti á framboðslistum. Það er reyndar með ólíkindum að nokkrum detti í hug að taka að sér pólitísk störf, það er nú ekki þakklátasta starf í heimi. Það er hins vegar svo óendanlega mikilvægt fyrir samfélagið okkar að á alþingi veljist gott og vinnusamt fólk, fólk sem setur almannahag fram fyrir sérhagsmuni. Það fylgir því mikil ábyrgð að vera alþingismaður og í engu máli hægt að leyfa sér að skila auðu eða vera bara farþegi í staurblindri flokkslínu. Það getur þýtt að stundum þurfi að smala köttum en sannfæringu sína og samvisku má alþingismaður aldrei setja til hliðar.

Bæjarins besta fer nú í tveggja vikna sumarfrí og kemur næst út 18. ágúst, vefurinn bb.is mun hins vegar standa sína pligt og vera hér eftir sem hingað til, vettvangur skoðanaskipta og upplýsinga okkar í millum og yfir til hinna.

BS

Spurning vikunnar

Á að flytja fréttir af nauðgunum á útihátíðum?

Alls svöruðu 285.
Já, sögðu 180 eða 63%
Nei, sögðu 105 eða 37%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Ásthildur Sturludóttir

– Sjónarmið –

Heilbrigðisþjónusta er grunnstoð samfélagsins

Undanfarnar vikur hafa borist fréttir af bágri fjárhagsstöðu Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða. Árlega berast álíka fréttir. Nú var gengið skrefinu lengra. Þjónustu yfir sumartímann í smærri byggðarlögum var lokað. Íbúar óttast að fyrsta skrefið hafi verið stigið í að loka þjónustunni alveg til frambúðar á litlu stöðunum; Flateyri, Þingeyri, Tálknafirði og Bíldudal. Sporin hræða, því miður. Ekki er litið til þess að íbúum hefur fjölgað umtalsvert á sunnanverðum Vestfjörðum undanfarin ár. Þá sækja sífellt fleiri ferðamenn svæðið okkar heim sem sömuleiðis kalla eftir þjónustu. Sveitarstjórnarmenn hafa sent ítrekaðar bókanir, rætt við embættismenn, þingmenn og ráðherra en lítið gerist og ekkert breytist, þrátt fyrir að flestir sýni aðstæðum skilning. Staðan er eins ár eftir ár. Fjárveitingar eru frekar skornar niður en hitt og skiptir þar engu hvaða stjórnmálaflokkur er við völd. Og íbúar líða fyrir þjónustuleysið.

En hvað er til ráða? Eða er eitthvað til ráða? Í vinnu nýrrar Vestfjarðanefndar hlýtur það að verða sameiginleg áhersla allra sveitarfélaga að tryggja örugga heilbrigðisþjónustu á öllum Vestfjörðum en ekki síður að skilgreint verði hvað sé grunnþjónusta við íbúa. Það er a.m.k. krafa Vesturbyggðar enda segir í lögum um heilbrigðisþjónustu „... allir landsmenn eigi kost á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma eru tök á að veita til verndar andlegri, líkamlegri og félagslegri heilbrigði...“. Sveitarfélögin þurfa að standa þétt saman í þeirri ósk enda er góð heilbrigðisþjónusta grunnþáttur hvers samfélags. Það má aldrei gefa afslátt af öryggi íbúa svæðisins vegna sparnaðarsjónarmiða.

Þegar spurt er hver sé í raun ásættanleg grunnþjónusta í hverju samfélagi fyrir sig verður fátt um svör. Ég er ekki viss um að nokkur hafi almennt velt því fyrir sér. Þó kannski mögulega. Nú er, að mér skilst, Byggðastofnun að vinna greiningu á því hvaða þjónusta sé nauðsynleg í hverju samfélagi fyrir sig. Sú vinna verður fróðleg. Það gefur vonandi tóninn til framtíðar þegar kemur að skipulagningu á þjónustu úti á landsbyggðunum.

Í vinnunni í kringum Brothættar byggðir sem Vesturbyggð tók þátt í með Byggðastofnun á Bíldudal var ein af lykilniðurstöðunum að íbúar óttuðust mest það öryggisleysi sem það býr við í heilbrigðisþjónustu. Læknir kemur venjulega vikulega yfir vetrartímann á Bíldudal. Það er hins vegar engin lyfsala á staðnum eins og þekkist víða á smærri stöðum. Það eru ekki einu sinni verkjalyf til staðar ef alvarlegt slys ber að höndum. Vegna gamaldags reglugerða er heldur ekki hægt að kaupa Parasetamól eða hóstasaft í verslunum þar sem ekki er lyfsala. Ekki hefur verið stemning fyrir því innan viðeigandi ráðuneyta að reyna að breyta þessari ráðstöfun, ekki einu sinni fyrir jaðarbyggðir og það er árið 2016! Þá er bara að treysta á elskulega nágranna. En eins og síðustu vetur hafa verið þá getur verið erfitt með samgöngur og ekki hægt að treysta á það að læknir og sjúkrabíll komist fljótt á vettvang ef eitthvað kemur upp á, þrátt fyrir vaska menn sem eru miklir fagmenn. Þarf ekki að hugsa þessi mál upp á nýtt? Verður ekki líka að tryggja bestu hugsanlegu heilbrigðisþjónustu á hverjum tíma á öllum landsbyggðunum?

Sveitarfélagið fékk fyrir stuttu styrk frá Byggðastofnun til þess að senda nokkra íbúa á Bíldudal í vettvangsliðanám. Frekari útfærsla hefur ekki verið unnin en hún þarf auðvitað að vera í nánu sambandi við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða og Rauða krossinn sem sér um sjúkraflutninga á svæðinu. Vettvangsliðar fara í útköll vegna slysa og veikinda á svæðinu þar til aðstoð berst með sjúkrabíl. Þessi þjónusta er þekkt t.d. á norðaustur hluta landsins og hefur það gefist vel. Á Kópaskeri eru vettvangsliðar með bækistöð í slökkvistöðinni og þar er sjúkrabíllinn sem áður sinnti svæðinu en hann er nú viðbragðsbíll vettvangsliða með þau tæki og tól sem vettvangsliðarnir hafa til afnota. Bíllinn er vel útbúinn og enn með nánast allan þann búnað sem var í honum meðan hann var skilgreindur sjúkrabíll. Þeir vettvangsliðar sem búa utan Kópaskers eru útbúnir góðum útkallspoka með lágmarksbúnaði til að geta sinnt sjúklingi. Þeir geta þá farið beint á útkallsstað um leið og útkall berst og stytt þannig viðbragðstíma þar til bíllinn kemur frá Kópaskeri og Húsavík/Þórshöfn. Það er ekki hægt að segja annað en að þetta sé snjallt fyrirkomulag enda eru vegalengdir miklar á þessu svæði. En mjög vel er skilgreint hver eru verkefni vettvangsliðanna og hversu langt þeir mega ganga.

En er eðilegt að sveitarfélög séu farin að huga að þessari þjónustu? Hvað með ábyrgð og tryggingar og hver stjórnar aðgerðum á hverjum tíma? Það er hlutverk ríkisins að tryggja heilbrigðisþjónustu en sveitarfélagið getur ekki látið hjá líða að bregðast við þegar staðan er eins og hún er í jaðarbyggðum sveitarfélagsins.

Ágætu Vestfirðingar. Góð heilbrigðisþjónusta er hornsteinn samfélagsins okkar. Við verðum að sýna samstöðu um að berjast gegn því að fjárframlög til hennar verði ekki rýrari en þau hafa verið hingað til. Samfélögin okkar þola ekki frekari niðurskurð á þjónustu, það ógnar öryggi íbúa og byggðanna á Vestfjörðum.

Ásthildur Sturludóttir,
bæjarstjóri Vesturbyggðar

Auglýsingasími bb.is er 456 4560

1.298 kr. kg

Bónus Grísakótilettur
Með beini, kryddaðar

2.598 kr. kg

Íslandslamb Lambakótilettur
Kryddlegnar, ferskar

1. FLOKKUR

2.598 kr. kg

Íslandslamb Lambalærissneiðar
Kryddlegnar, 1. flokkur, ferskar

KJARNAFÆÐI

LAMBALÆRI MEÐ VILLTUM ÍSLENSKUM KRYDDJURTUM

1.498 kr. kg

Kjarnafæði Heiðalamb
Kryddað lambalæri, ferskt

GOTT VERÐ Í BÓNUS

198 kr. 510 ml

Hunt's BBQ sósur
510 ml, 3 teg.

298 kr. pk.

Kjarnafæði Pólskar pylsur
360 g

2.998 kr. kg

Bónus Hangiálegg

109 kr. 5 stk.

Bónus Flatkökur
170 g, 5 stk.

179 kr. 591 ml

Powerade
591 ml, 3 teg.

198 kr. 500 ml

Heinz Tómatsósa
500 ml - 570 g

95 kr. 200 g

ES Steiktur Laukur
200 g

10 PYLSUR

359 kr. pk.

Bónus Vínarpylsur
485 g,10 stk.

2L

195 kr. 2 l

7-up
2 lítrar

VIÐSKIPTAVINIR ATHUGIÐ!
Allar verslanir BÓNUS eru lokaðar nk. mánudag á frídegi verslunarmanna

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Opnunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
Verð gilda til og með **31. júlí** eða meðan birgðir endast

Jónas Tómasson sjötugur: afmælistónleikar í Hömrum

Sumarkvöld með Jónasi Tómassyni nefnist tónleikadagskrá sem haldin verður í Hömrum á Ísafirði á fimmtudaginn og hefst kl. 20. Tónleikarnir eru haldnir af tilefni sjötugsafmælis tónskáldsins og flutt verða einleiks-, einsöngs- og dúó- verk frá ýmsum tímum á ferli hans. Jónas stundaði framhaldsnám í tónlist í Amsterdam á sínum tíma en hefur nú búið á Ísafirði í yfir fjörutíu ár. Þar hefur hann verið kennari, flautuleikari og kórstjóri og séð um tónleikahald fyrir Tónlistarfélag Ísafjarðar. Meðfram þessu hefur hann verið afkastamikið tónskáld og samið fjölmörg verk af ólíkum toga. Eftir hann liggja hljómsveitarverk, konsertar, kórverk og kammerverk auk fjölda einleiks- og einsöngsverka fyrir ýmis hljóðfæri. Verk Jónasar hafa verið flutt af mörgu af fremsta tónlistarfólki hér á landi og sum þeirra hafa komið út á geisladiskum.

Skipuleggjendur og flytjendur á tónleikunum eru allir tengdir Jónasi fjölskyldu- og vinaböndum.

Á tónleikunum koma fram: Herdís Anna Jónasdóttir, söngkona, Tinna Þorsteinsdóttir, píanóleikari, Hlíf Sigurjónsdóttir, fiðluleikari, Leon van Miel, saxófónleikari, Anna Áslaug Ragnarsdóttir, píanóleikari, Sólveig Anna Jónsdóttir, píanóleikari og Þórunn Anna Kristjánsdóttir, söngkona.

Verðlaunahafar ásamt eigendum Blakkness ehf., þeim Guðmundi og Jóni Þorgeir Einarssonum. Mynd: JÞE.

Chatchai og Hólmfríður beittu golfkylfunum til sigurs

Hið árlega golfmót Blakknes ehf. fór fram á Syðridalsvelli á Ísafirði á sunnudaginn í blíðskapar veðri og mættu þar 63 keppendur til leiks. Úrslitin urðu þau að í karlaflokki landaði Chatchai Phothiya frá GBO fyrsta sætinu á 71 höggi, Ásgeir Guðmundur Gíslason frá GÍ var í öðru á 73 höggum og í þriðja sæti var Sigurður H. Hafsteinsson frá GR á 74 höggum. Í kvennaflokki sigraði Hólmfríður Einarsdóttir frá GKG á 91 höggi, í öðru sæti var Alma Rún Ragnarsdóttir frá GKG á 93 höggum og Bjarney Guðmundsdóttir frá GÍ í því þriðja á 96 höggum.

Í unglingaflokki sigraði Ásgeir Óli Kristjánsson frá GÍ á 84 höggum, í öðru sæti var Ásta Sonja Ólafsdóttir á 103 höggum og í þriðja sæti var Jón Gunnar Kanishka Shiransson á 111 höggum. Þá voru veitt sérstök verðlaun fyrir fimm punktahæstu keppendurna og þar var Ásgeir Guðmundur hæstur með 41 punkt, Daði Arnarsson frá GBO koma þar á eftir með 37 punkta, Chatchai var í þriðja sæti með 37 punkta, Jón Hjörtur Jóhannesson frá GÍ í fjórða sæti með á 36 punkta og loks Daníel Ari Jóhannsson frá GBO með 36 punkta.

Veitt voru verðlaun fyrir þá sem voru næstir holu á eftirfarandi brautum:

Tryggvi Sigtryggson GÍ á 3. flöt, Ásgeir Óli Kristjánsson GÍ á 12. flöt, Janusz Pawel Duszak GBO á 5. flöt og Arnar Smári Ragnarsson GKG á 14. flöt.

Minnast landvarða sem hafa látist eða slasast við skyldustörf

Mynd tekin í friðlandinu í Vatnsfirði. Mynd: talknafjordur.is

Alþjóðadagur landvarða er haldinn hátíðlegur 31. júlí ár hvert en dagurinn er helgaður minningu þeirra mörgu landvarða sem hafa látist við skyldustörf og eins til að fagna starfi landvarða um allan heim við að vernda náttúru- og menningalegu verðmæti heimsins. Í ár ber daginn upp á sunnudag og í tilefni dagsins ætla landverðir að bjóða í fjallgöngu í friðlandinu í Vatnsfirði, að því er fram kemur í tilkynningu. Landverðir í friðlandinu segja að mikilvægt sé að klæða sig eftir veðri, vera í góðum skóm og hafa með sér vatn og nesti. Áætlað er að gangan taki um fjórar klukkustundir en mæting er við Hótel Flókalund klukkan 13.

harpa@bb.is

0%
0% ILMEFNI
0% LITAREFNI
Þróað sérstaklega fyrir viðkvæma húð í samvinnu við dönsku astma og ofnæmissamtökin
NORDISK MILJØMÆRKNING
DEKLARERET I SAMARBEJDE MED
Astma-Allergi Danmark
0%
NEUTRAL FLJÓTANDI ÞVOTTAEFNI LEYSAST HRAÐAR UPP OG GEFA BETRI VIRKNI ÞEGAR ÞVEGIÐ ER VIÐ LÁGAN HITA EÐA Á HRAÐÞVOTTASTILLINGUM
Neutral
KULØRT VASK
1–2 tappar
Notaðu 1–2 tappa af Neutral í þvottahólfið eftir því hversu óhreinn þvotturinn er.
Neutral®
SÉRSTAKLEGA ÞRÓAÐ FYRIR VIÐKVÆMA HÚÐ

Býður sig fram til forystu

Teitur Björn Einarsson

Á fallegu sumarkvöldi tyllti tíðindamaður Bæjarins besta sér niður með einum af glæstum sonum Vestfjarða, Teiti Birni Einarssyni frá Sólbakka á Flateyri. Teitur Björn er sonur Einars Odds Kristjánssonar, fyrrverandi alþingismanns, og Sigrúnar Gerðu Gísladóttur. Einar Oddur lést árið 2007 en Sigrún Gerða býr ennþá á Sólbakka í Önundarfirði. Teitur Björn er yngstur þriggja systkina. Brynhildur er elst, en maður hennar er Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra, næstur í systkinaröðinni er Kristján Torfi og kona hans er Dagný Arnalds tónlistarkennari og kórstjóri. Sjálfur er Teitur fæddur 1980 og er því 36 ára gamall. Sambýliskona Teits er skagfirsk yngismey, Margrét Gísladóttir, en hún tók nýverið við stöðu framkvæmdastjóra Landssambands kúabænda.

„Ég er Vestfirðingur, uppalinn hér fyrir vestan á Flateyri. Þó ég hafi farið að heiman, sótt nám fyrir sunnan, komið svo aftur og unnið hér um skeið og starfi núna í Reykjavík, þá er þessi staður alltaf heima. Ég kem hingað eins oft og ég get og hjarta mitt slær með fólkinu sem hér býr og er samofið þessum stað“ segir Teitur og bætir við að hér hafi verið gott að ganga í skóla og telur það hafa verið forréttindi að búa úti á landi sem barn og fá að alast hér upp, það var mikið frelsi en um leið fylgdi því ábyrgð, krakkarnir báru ábyrgð hvort á öðru og allir urðu að leika sér saman.

Sækist eftir forystusæti

Teitur, sem nú starfar sem aðstoðarmaður Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra, hyggst nú venda sínu kvæði í kross, taka hinn pólitíska slag sjálfur og bjóða sig fram til forystu á framboðslista Sjálfstæðisflokksins í norðvesturkjördæmi en á hann verður raðað í prófkjöri sem fram fer í byrjun september n.k. Aðspurður segir Teitur að engin ákvörðun hafi verið tekin ennþá um búferlaflutninga þeirra hjónaleysa í kjördæmið, hann sé í starfi sem krefjist búsetu í Reykjavík. „Öllu máli skiptir að hafa tengsl við fólk og skilning á því sem er að gerast og hvernig lífsbaráttunni vindur fram; hvað er efst á baugi í kjördæminu og hvað gera megi til að bæta lífskjör.

Nú var faðir þinn á þingi í 12 ár, samt finnst þér eftirsóknarvert að vera þingmaður.

„Það verður a.m.k. ekki sagt um mig að ég viti ekki hvað ég er að fara út í. Ég hef íhugað þetta nokkuð vel og tel mig hafa góða innsýn í hvað starfið felur í sér, Ég veit til hvers er ætlast af þingmönnum norðvesturkjördæmis og hvers konar málssvari þingmaður þarf að vera fyrir fólkið; það þarf að berjast fyrir hagsmunum þess, tala máli þeirra og vera erindreki þeirra í ýmsum málum. Þetta er mikil ábyrgð og mikil vinna en er gefandi ef vel er að málum staðið og það er gott að vinna með fólki. Það er gaman að vinna að framgangi góðra mála en maður veit líka að á mörgum sviðum er á brattann að sækja.

Það eru ákveðin forréttindi að búa úti á landi, landsbyggðin hefur marga kosti sem þéttbýlið hefur ekki. En lífsbaráttan er ansi hörð, atvinnuástand oft á tíðum ótryggt, þannig að halda verður vel á spöðum og nýta þau tækifæri sem gefast.

Í litlum samfélögum skiptir máli hvað hver og einn leggur af mörkum og áhrifin eru oft á tíðum sýnilegri og hafa áhrif á samfélagið í heild. Slík samfélög eru gefandi, þau gefa mikið af sér og slá stærri samfélögum við sem hafa upp á fjölbreyttari möguleika að bjóða. Það er styrkur minni samfélaga en þau eru líka að kljást við sína veikleika í lífsbaráttunni, þau þurfa að sækja fram og bæta lífskjörin.“

Og hvað finnst fjölskyldunni um þessa ákvörðun, hafandi haft heimilsföðurinn í meira en áratug í þessu erilsama starfi og tengdason sem menntamálaráðherra?

„Ég hef rætt þetta við mína nánustu og þau hvetja mig áfram. Ég er alinn upp í því og innrættur þeim gildum að leggja sig fram fyrir samfélagið sitt og gera ávallt sitt besta í því. Ég hef haft áhuga á samfélagsmálum allt mitt líf og verið viðloðandi ýmis félagsmál og stjórnmál frá því ég var í menntaskóla og háskóla, tók þátt í stúdentapólitíkinni og vann með ungum sjálfstæðismönnum. Þannig að því leytinu til er þetta kannski ekki svo stór viðbrigði.

Ég finn til ábyrgðar, tel mig hafa ýmislegt fram að færa og vil leggja mitt af mörkum, til þess að Sjálfstæðisflokkurinn geti gengið til kosninga og kynnt sína stefnu og áherslur sem eru til þess fallnar að bæta lífskjör fólks og styrkja stoðir samfélagsins. “

Hvað er það nákvæmlega sem Teitur vill berjast fyrir sem myndi bæta hag okkar hér á þessu svæði.

„Það er tvennt sem þarf að setja á oddinn. Það er annars vegar að öll grunnþjónusta sem er veitt af hálfu ríkisins um land allt sé viðunandi fyrir alla íbúa landsins. Víða um land þarf að renna styrkari stoðum undir heilbrigðiskerfið og aðgengi fólks að heilbrigðisþjónustu svo að viðunandi sé. Dæmi sem ég þekki í því sambandi er um par í Skagafirði, konan átti von á barni, fékk hríðir, þetta var að vetri til og þau þurftu að berjast yfir heiðina til Akureyrar, vandasöm ferð sem tók um þrjá tíma. Ef þau hefðu farið á Sjúkrahúsið á Sauðárkróki hefði það tekið 10 mínútur, hættulaus ferð að mestu en þar var ekki boðið upp á fæðingarþjónustu. Þetta er atriði sem ég nefni sem óviðunandi stöðu sem íbúar á landsbyggðinni búa við og er mismunun af hálfu ríkisvaldsins.

Að ríkið styrki sína grunnþjónustu er byggðastefna sem virkar segir Teitur og bætir við að jafnrétti til náms sé líka hluti af grunnþjónustu og að allir eigi að geta sótt sér menntun óháð efnahag.

Annað sem að ríkið verður að gera er að standa betur að uppbyggingu mikilvægra samfélagsinnviða. Þar á ég t.a.m. við samgöngur í víðum skilningi, fjarskiptamál eins og lagningu ljósleiðara og bætt rafmagnsöryggi til þess að efla lífsskilyrði og öryggi íbúa og skilyrðin fyrir atvinnuuppbyggingu séu til staðar og þannig hægt að nýta tækifærin sem eru til staðar. Þetta eru allt lykilþættir sem að þarf að bæta mjög mikið á næstu árum.

Sömuleiðis má segja að það sé

Margrét Gísladóttir og Teitur Björn Einarssson.

ekki nóg að bregðast við fjölgun ferðamanna með úrbótum á ferðamannastöðum, það þarf að bregðast við því með því að styrkja allt, viðbragðsteymi í heilbrigðismálum, hjá löggæslunni og öðrum viðbragðsaðilum eins og t.d. björgunarsveitunum, þetta snýst sem sagt ekki bara um fjölgun klósetta. Það er dæmi um það að á sunnanverðum Vestfjörðum hafi sjúkrabifreið sótt slasaðan ferðamann, keyrt hann í um 50 km á sjúkrahúsið á Patreksfirði en þar tók við margra klukkustunda bið eftir að læknir kæmi á svæðið. Það eru þessi atriði sem maður skynjar og veit að fólk þolir ekki að séu ekki í lagi. Það er eðlileg krafa og sjálfsögð að ríkið sinni þessari grunnþjónustu, til dæmis að koma barni í heiminn áhættulaust. Það er bæði eðlilegt og sjálfsagt að það sé forgangsraðað í þessa veru. Fólk upplifir þetta sem ósanngirni, fólk sem greiðir sína skatta og stendur sína pligt en býr ekki við sama þjónustustig og aðrir landsmenn. Ég tel að þetta sé það sem Sjálfstæðisflokkurinn verði að leggja höfuðáherslu á í næstu kosningum.

Í ljósi nýjustu frétta af einkasjúkrahúsi í Mosfellsbæ og opnun nokkurra einkarekinna heilsugæslna í Reykjavík liggur beinast við að spyrja frambjóðandann hvort hann telji að lausnin á bágri heilbrigðisþjónustu á kjördæminu væri einkaheilsugæslustöð hér vestra.

„Aðalatriðið er að sú styrking sem þarf að verða á heilbrigðiskerfinu, og samstaða er um hjá öllum flokkum, muni eiga sér stað um land allt. Að bætt þjónusta eigi við um alla landsmenn, ekki bara á höfuðborgarsvæðinu. Þetta finnst mér skipta miklu máli.“

Hefur lifað tímana tvenna í sjávarútvegi, þrátt fyrir ungan aldur.

Í kjördæmi þar sem lífið er fiskur (ekki bara saltfiskur) þarf frambjóðandi til alþingis að hafa skilning og skoðun á sjávarútvegi. Hvernig sérðu okkur leysa þá annmarka sem eru á kerfinu?

„Sem barn upplifi ég mikinn uppgang í þorpinu en þegar ég kemst á unglingsár minnkar viðnámsþrótturinn í atvinnulífinu og áföll dynja yfir. Og ég man þegar á einu bretti var líf hundruð bæjarbúa í uppnámi þegar stærsti atvinnurekandinn hætti starfsemi og flyst á brott. Þetta er svakalegt, gríðarleg áföll hafa riðið yfir sjávarbyggðir um land allt. Það sem ég vil gera til að nálgast sjávarútvegsumræðuna, sem getur verið mjög flókin og hörð, eðlilega, þarna eru miklir hagsmunir undir sem varða fjölda fólks. Við erum með fiskvinnslukerfi sem er um margt ágætt en í lögum um stjórn fiskveiða erum við með þrjú atriði talin upp sem markmið sem að skal stefna.

Í fyrsta lagi á að vernda nytjastofna á Íslandsmiðum og ég tel að við höfum náð ágætis árangri á þeim vettvangi. Við erum með endurnýjanlega og sjálfbæra auðlind, færa vísindamenn sem eru að veita ráðgjöf og aðrar þjóðir staðfesta að við höfum náð árangri á þessu sviði.

Annað markmið þessara laga er að það á að nýta auðlindina á sem hagkvæmastan hátt og við höfum náð gríðarlegum árangri á þessu sviði líka. Mörg stór og vel rekin sjávarútvegsfyrirtæki eru með fjölda manns í vinnu og greinin skilar heilt yfir miklum arði í þjóðarbúið, hún er arðbær og stendur í alþjóðlegri samkeppni og er þar vel samkeppnishæf. Greinin greiðir gjöld til þjóðarbúsins umfram aðrar atvinnugreinar. Það getur enginn mælt því í mót að sjávarútvegurinn sé arðbær en það hefur ekki alltaf verið þannig, það var ekkert endilega hér á árum áður þegar það þurfti stanslaust einhver inngrip af hálfu þess opinbera til að rétta af sjávarútvegsfyrirtæki, með til dæmis gengisfellingum, koma upp úreldingarsjóðum o.fl.

Þriðja atriðið í þessum lögum segir að þetta skuli gera til þess að treysta atvinnu og byggð um land allt. Þarna tel ég að við þurfum að horfast í augu við það að það hefur ekki gengið eins vel að leysa þann þátt eins og hina tvo. Við verðum að ná árangri á öllum þessum þrem þáttum og þegar það næst, þá getum við talað um að það sé komin sátt um sjávarútveginn.

Við getum heldur ekki útilokað einn þáttinn á kostnað hinna tveggja, við getum ekki treyst til skamms tíma byggð í landinu með því að ofveiða fiskistofna, við getum heldur ekki mergsogið eða tekið allan ávinninginn úr greininni þannig að það sé enginn sem sjái sér hag í að nýta hana. Ég held að lausnin sé samþætting þessara þriggja þátta. Það þarf að horfa sérstaklega á það hvernig gefa megi sjávarbyggðum sem standa höllum fæti tækifæri til þess að standa á eigin fótum, á vinnu sinni og elju og taka þátt í þessari baráttu sem það er að stunda sjávarútveg. Það mega ekki vera þannig þættir í kerfinu að um leið og hann nær fótfestu sé hann barinn niður með of miklum álögum eða að byggðastuðningur sé þá umsvifalaust tekinn í burtu. Það vantar að sá byggðastuðningur sem nú er verið að veita sé varanlegur og verði til þess að byggðirnar geti með varanlegum hætti styrkt stöðu sína. Þannig erum við raunverulega að styrkja atvinnu og byggð í landinu öllu. Þetta held ég að sé grundvöllur til þess að það náist sátt um sjávarútveg.

Skeptískur blaðamaður bendir frambjóðandanum á að þetta sé nú það sem allir segja, en það skorti framkvæmdir. Því er til svarað af viðmælanda að það þurfi að viðurkenna að svokallaðir byggðapottar eða önnur úrræði fyrir byggðir í vanda virki ekki. Byggðarlög sem hafa orðið fyrir áföllum þurfi betri og varanlegri úrræði til að byggja sig aftur upp. Teitur telur að sjávarútvegur verði alltaf undirstöðuatvinnuvegur í sjávarbyggðum þó auðvitað sé nauðsynlegt að byggja upp aðrar atvinnugreinar.

„Að leysa vanda sjávarbyggða er lykilatriði í mínum huga og ég mun berjast fyrir því að Sjálfstæðisflokkurinn opni augu sín betur fyrir þessu vandamáli.“ Teitur segist ekki styðja veiðigjöld eins og þau eru lögð á í dag enda bitni þau mjög á byggðum landsins. Endurskoða þurfi fyrirkomulagið og tengja betur við afkomu greinarinnar.

Takist Teiti ætlunarverk sitt að fá að leiða lista sjálfstæðismanna í kjördæminu og setjist á þing eftir næstu kosningar eru miklar líkur á að eitt af fyrstu verkum nýs þings verði að afgreiða nýjan búvörusamning. Hver er skoðun hans á þessum samningi?

„Ég tel mikilvægt að áfram verði breið samstaða um að það sé stutt við framleiðslu bænda, þó með því skilyrði að hagur bænda vænkist og það haldist í hendur við að hagur neytenda vænkist líka. Þannig verður framþróun að eiga sér áfram stað í landbúnaðinum. Það er áfram krafa á bændur að þeir hagræði, auki framleiðni, þeir lækki kostnað sem lækkar vöruverð og styrki jafnframt stöðu sína í samkeppni við aðra framleiðendur, við innlenda sem erlenda framleiðendur.

Ég hef efasemdir um að sá samningur sem liggur núna fyrir Alþingi sé nægjanlega góður fyrir bændur. Það er engum til góðs að það séu pólitísk átök um búvörusamninga og slík átök skapa gjá milli neytenda og bænda. Ég held að við þurfum að gera betur. Nefni ég hér sérstaklega samninginn við sauðfjárbændur. Til lengri tíma þurfum við að skoða betur breytingar á mjólkuriðnaðinum, hvernig hann getur verið felldur undir samkeppnislög og tryggja á sama tíma stuðning við bændur. Enginn er að boða byltingu í þessum efnum, til lengra tíma tel ég að óhætt verði að stíga skref, með góðum fyrirvara, til þess að magntollar á innfluttar landbúnarvörur hverfi, það þarf að gerast á löngum tíma svo bændur geti aðlagast. Á sama tíma þarf að gera skýrar kröfur á innfluttar landbúnaðarvörur hvað upprunavottun og gæði varðar, sambærilegar og þær sem við gerum til innlendra framleiðenda.

Samningurinn er ekki alvondur, þar er til dæmis upp að vissu marki verið að auka sveigjanleika í kerfinu sem mér þykir mjög mikilvægt.“

Nú var ástæða til að taka upp léttara hjal, þessi tvö stóru hagsmunamál íslensks samfélags verða ekki krufin til mergjar i stuttu viðtali. Hvað skyldi nú pilturinn gera sér til dundurs þegar ekki eru stunduð félagsstörf.

„ Ég ferðast mikið um landið, tek það fram yfir sólarlandaferðir í sumarfríum. Við Margrét förum mikið í fjallgöngur, höfum til dæmis þrætt Hornstrandir þverar og endilangar. Svo finnst mér gott að vera í góðra vina hópi, í faðmi fjölskyldu og vina.“

Við látum þetta vera lokaorðin, sama hvar í flokki menn standa þá er mikilvægt að á alþingi íslendinga sitji vandaðir einstaklingar með einlægan vilja til að vinna að almannaheill.

Bryndís Sigurðardóttir

Yngstu þátttakendurnir röðuðu sér upp fyrir verðlaunaafhendingu. Mynd: Fésbókarsíða Vestra- yngri flokkar.

90 krakkar skemmtu sér í knattspyrnu í Bolungarvík

Íslandsbankamóti UMFB og Vestra fór fram í Bolungarvík á laugardaginn þar sem um 90 krakkar úr 5. og 8. flokki á aldrinum fjögurra til fjórtán ára skemmtu sér vel í fótbolta. Að loknum keppnisdegi fengu allir keppendur hamborgara og drykk, verðlaunapening og gjöf frá Íslandsbanka. Á meðfylgjandi mynd má sjá yngstu þátttakendurna raða sér upp fyrir verðlaunaafhendingu. Eins og greina má á myndinni lék veðrið við keppendur og aðstandendur mótsins

harpa@bb.is

Byggðaáætlun 2017-2023 í vinnslu

Byggðastofnun auglýsir eftir tillögum í byggðaáætlun 2017-2023 sem nú er í mótun. Verkefnisstjórn byggðaáætlunar mun taka afstöðu til innsendra tillagna, sem hægt er að skila á heimasíðu Byggðastofnunar. Tillaga að nýrri byggðaáætlun á að liggja fyrir í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu 1. nóvember og ráðherra mun síðan leggja fram þingsályktunartillögu fyrir Alþingi. Í nýjum lögum um byggðaáætlun og sóknaráætlanir er mælt fyrir um að Byggðastofnun skuli vinna áætlunina í umboði ráðherra, áætlunin skuli ná til sjö ára, í stað fjögurra ára áður, ná til landsins alls og mótast í samráði við sveitarfélög, landshlutasamtök þeirra, ráðuneytin og stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál. Í þessu samráði er stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál sem nýju lögin kveða á um mikilvægur með fulltrúa allra ráðuneyta og tengir sóknaráætlanir landshluta og áætlanir ráðuneytanna.

Vegna áherslu nýju laganna um samráð gekkst Byggðastofnun á vormánuðum fyrir fundum um byggðaáætlunina í samráðsvettvöngum landshlutasamtaka sveitarfélaga og í ráðuneytunum og stefnir að annarri slíkri fundarhrinu með haustinu.

Vestfirðingar sigruðu Urriðavatnssundið

Katrín Pálsdóttir (fyrir miðju) sigraði í kvennaflokki. Myndir: Jóhanna Hafliðadóttir.

Árlegt Urriðavatnssund á Fljótsdalshéraði fór fram á laugardag en þar höfðu Vestfirðingar vinninginn bæði í karla- og kvennaflokki. Svavar Þór Guðmundsson lenti fyrsta sætinu í karlaflokki og Katrín Pálsdóttir í kvennaflokki en hún er ein af hinum fræknu íþróttakonum að vestan sem kalla sig Gullrillurnar. Í samtali við Rúv eftir keppnina sagði Katrín vatnið fyrir vestan gefa þeim styrkinn. „Ég held að það sé vatnið fyrir Vestan. Það er einhver styrkur í vatninu.“ Þá segir að hitastig í Urriðavatni hafi verið 16 gráður en sundið er tveir og hálfur kílómetri og keppendur um 120.

Gullrillurnar eru hópur kvenna á Ísafirði sem í vetur lögðu allt kapp á að koma sér í form fyrir 50 kílómetra Fossavatnsgöngu sem fram fór 30. apríl. Síðan þá hafa þær lagt ýmislegt fleira að velli og er Urriðavatnssundið enn ein rósin í hnappagat þeirra.

harpa@bb.is

Svavar Þór Guðmundsson (fyrir miðju) sigraði í karlaflokki.

Súðavík og Kofri. Ljósm. Þórður Sigurðsson.

Heilsusamleg helgi í Súðavík

Gönguhelgi í Súðavík fer fram um verslunarmannahelgina og eru fjölmargar skemmtilegar gönguleiðir í boði. Þetta mun vera samvinnuverkefni Súðavíkurhrepps, göngufélags Súðavíkur, gönguklúbbsins Vesens og vergangs og Eyvindar ehf. Dagskráin hefst fimmtudaginn 28. júlí og stendur fram á sunnudaginn 1. ágúst. Það eru ekki bara gönguferðir í boði heldur verður einnig hægt að fara í minigolf og refaheimsókn á Melrakkasetrið í Súðavík en þar verður einnig kvöldvaka með upplestri og tónleikum. Á föstudeginum er síðdegisganga í Valagil sem og á Kofra en að sögn skipuleggjenda er líklega enginn, lífs eða liðinn, sem gengið hefur oftar á Kofrann en Barði Ingibjartsson sem fer fyrir göngunni og verður síðan með sögustund þegar á toppinn er komið. Um kvöldið verður grillveisla og þá er einnig hægt að kíkja á bókasafnstónleika í bókasafni Kaupfélagsins í Súðavík.

Laugardagurinn verður tekinn snemma með hafragrauti, lifrarpylsu og lýsisskammti á veitingastaðnum Jóni Indíafara. Hægt er að velja um fimm gönguleiðir þennan dag. Úr Hestfirði á Sjónfríð og yfir í Dýrafjörð, á Sauratinda, gömlu þjóðleiðina úr Álftafirði yfir í Önundarfjörð, sela- söguskoðun á Hvítanesi í Skötufirði og loks síðdegisgöngum um þorpið í Súðavík í fylgd Péturs Markan sveitarstjóra.

Kómediúleikhúsið með Elvari Loga Hannessyni verður með barnaleikrit í Melrakkasetrinu síðdegis og þá er varðeldur og söngur í fjörunni við kirkjuna þar sem hitað verður upp fyrir fjölskylduball í Samkomuhúsinu.

Sunnudagurinn hefst einnig á grautnum góða, áður en haldið er á gömlu þjóðleiðina yfir Þóruskarð yfir í Seljalandsdal í botni Álftafjarðar. Á sama tíma er hægt að fara í fjölskyldugöngu í Valagil í Seljalandsdal eða á Bardaga sem er tindur á milli Álftafjarðar og Seyðisfjarðar og fær nafn sitt af bardaga tveggja dverga sem vörpuðu björgum. Á hádegi er fjölskylduganga í Heydal í Mjóafirði. Kómediúleikhúsið verður aftur í Melrakkasetrinu síðdegis og þá er einnig síðdegisganga um Súðavík líkt og á laugardeginum. Tónleikar Skúla Mennska í Súðavíkurkirkju hefjast síðan klukkan 21.

Síðasta ganga þessarar gönguhelgar er á mánudagsmorgninum en þá verður farið aftur á Kofra með Barða.

Skipuleggjendur áskilja sér rétt til að breyta áætlun vegna veðurs. Ef aðstæður eru varasamar á fjöllum, verður boðið upp á láglendisgöngur í staðinn.

harpa@bb.is

Krossgátan



				AGNÚI	AF-HENDING-AR	RIST	EKKERT		ÁI	KUSK	FJÚK
				HÚS-FREYJA				YFIRGAF / HRÓPA			
				EFNI						SKÓLI	
				GÆLUNAFN / SÓT					TVEIR EINS / SAMTALS		
	↓	HÁLFAPI	EINKAR / EKKI				TÆKIFÆRI / STUTT RÆÐA				BETRUN
KVEÐJA						FISKUR / SJÁÐU				HÆÐ	
KEPPNI					DRABBA / ÁN						
HLJÓM			STÆKKA / EINLEIKUR					BEKKUR / MÓT			
NAGDÝR				GRAS-ÞÖKUR / ÞÓ					TVEIR / ÞVENGUR		
MÆRA						HLIÐ / SÓLAR-HRINGA					STILLA
		LÁÐ / OTA					RÁF / FRESTA				
FRUM-EIND					SJÚK-DÓMUR / ÁKEFÐ					HITA	
FYRIR HÖND			DRAGA / FATAEFNI					SÆGUR / FÝLDUR			
FÁLM				SVIK / TVEIR EINS					TVEIR EINS / TVEIR EINS		
YNDIS						BÓLGNA					
BLÓMI						ARÐA					

HRINGIÐAN
LIST | MENNING | DÆGURMÁL

Sportið í beinni...

fimmtudagur 28. júlí
11:30 Dortmund - Man City
18:00 ÍBV - FH
18:00 PGA Championship
föstudagur 29. júlí
10:00 Tott Hotspur - A Madrid
18:00 PGA Championship
laugardagur 30. júlí
08:55 F1: Æfing - Þýskaland
11:50 F2: Tímataka - Þýskal.
17:00 Barcelona - Celtic FC
18:00 PGA Championship
19:00 Chelsea - Real Madrid
21:00 B Munchen - Inter Milan
02:00 UFC: Lawler vs Woodley
02:00 Liverpool - AC Milan
04:00 PSG - Leicester City
sunnudagur 31. júlí
11:30 F1: Keppni - Þýskaland
18:00 PGA Championship
miðvikudagur 3. ágúst
18:00 Barcelona - Leicester C
19:30 Valur - Víkingur Ó.
19:05 ÍA - FH
23:30 B Munchen - R Madrid
01:30 Chelsea - AC Milan

Dagar Íslands

28. júlí 1974:
Þjóðhátíð til minningar um 11 alda byggð á Íslandi var haldin á Þingvöllum. Þangað streymdi um fjórðungur þjóðarinnar. Alþingi hélt hátíðarfund og samþykkti ályktun um gróðurvernd og landgræðslu.
29. júlí 1979:
Afhjúpaður var minnisvarði um Kollabúðafundi en á þeim ræddu Vestfirðingar stefnumálin 1849 til 1895.

Helgarveðrið

Á fimmtudag og föstudag:
Norðlæg átt 8-13 m/s og rigning austantil á landinu. Annars heldur hægari vindur, þurrt og bjart að mestu um landið suðvestanvert, en skýjað og dálítil væta af og til í öðrum landshlutum. Hiti 7 til 19 stig, hlýjast suðvestanlands.
Á laugardag:
Norðlæg átt 5-10 m/s. Skýjað og úrkomulítið um landið norðanvert og fremur svalt í veðri, en bjart að mestu sunnan jökla og hiti 9 til 15 stig.
Á sunnudag og mánudag:
Áframhaldandi norlæg átt. Rigning með köflum um landið norðanvert, en skýjað með köflum og yfirleitt þurrt sunnantil. Hiti breytist lítið.

Fréttir og upplýsingar um réttindi og kjör á vinnumarkaði
www.verkvest.is
VERK VEST

Lausn á síðustu krossgátu

				BYRJUN	ELDA	TREYSTA		TVEIR EINS	ÝTARLEGRI	SKEL
				UMBYLTA	U	M	T	U	R	N	A
				SAM-STÆÐA	P	A	R	TILLAGA EIN-HVERJIR	R	Á	Đ
				AÐ AUKI	P	L	Ú	S	ÁTT DÆLA	N	A
				SKEIÐA	H	L	A	U	P	A	ILMUR
	↓	TVÍBAKA	Í RÖÐ	SAMTÖK LOGA	A	A	PLANTA GÖT	M	U	R	A
FÓTMÁL	S	K	R	E	F	ÞAK HLÍÐIR	H	I	M	I	N
GÁSKI	Æ	R	S	L	RUSL MÁLMUR	S	O	R	P	TALA	G
Í RÖÐ	T	U	RJÁL AUMA	D	Ú	T	L	UPP-HRÓPUN NÆGILEGA	A	H	A
SVELGUR	I	Đ	A	SEFUN SVÖRÐUR	R	Ó	U	N	ÓNEFNDUR NÁLÆGÐ	N	N
NAGA	N	A	R	T	A	FYLLIBYTTA LOTA	R	Ó	N	I	RASK
	D	GORT SAMBAND	M	O	N	T	GETRAUN HAGNAST	G	Á	T	U
HARLA	A	F	A	R	TAMNING UMFRAM	Ö	G	U	N	ESPA	M
BÓK-STAFUR	S	É	ÁÐUR TÁL	F	Y	R	R	SKYGGNI SÆ	D	E	R
FÆÐA	A	L	A	HVÆS ÁTT	F	N	Æ	S	FRIÐUR RÚN	R	Ó
FÉLAGI	L	A	G	S	I	DJÆF	T	J	Ú	T	T
KK NAFN	A	G	N	A	R	HJARA	T	Ó	R	A	

Sudoku þrautir

5			3					
3			7		4	6		5
		2						7
				6	7			
					8			
1							2	9
			9	8	2		5	
2	6			3		9		
	8	4					3	

		4					8	
				6			2	
1			2	5			9	
6	9			7	1			
5								9
					4	6	3	1
		7			3			
	1		9	2	5			
	2					5		

Héldu tombólu fyrir styrktarsjóð Töniu

Vinkonurnar sem litu við á skrifstofu BB voru að vonum stoltar með afrakstur helgarinnar, enda höfðu þær safnað rúmlega 15 þúsund krónum í styrktarsjóð Töniu litlu, dóttur Elzibeta Mazur og Miroslaw Ciulwik. Tania fæddist 1. júní, sex vikum fyrir tímann og er með Downs heilkennið og einnig alvarlegan hjartagalla. Foreldrarnir koma frá Póllandi og hafa verið búsett á Ísafirði um talsvert skeið. Vegna hjartagallans þarf Tania að fara í stóra hjartaaðgerð til Svíþjóðar en hefur ekki enn næga krafta til að þola svo stóra aðgerð. Elzibeta og Miroslaw hafa bæði þurft að hætta að vinna vegna veikinda Töniu.

Systurnar Rósa María og Sylvía Rán Franklín Magnúsdóttir efndu ásamt vinkonu sinni, Sigurbjörgu Guðmundsdóttur, til tombólu um helgina til að styðja við fjölskylduna og eins og áður sagði, söfnuðust rúmlega 15 þúsund krónur.

Styrktarsíða Töniu er á Facebook: ***Styrktarsíða vegna veikinda Töniu***.

Dagar Íslands

30. júlí 1909:
Giftar konur fengu kosningarétt á Íslandi, svo og þær vinnukonur sem greiddu opinber gjöld.

31. júlí 1991:
Börn náttúrunnar, kvikmynd Friðriks Þórs Friðrikssonar var frumsýnd í Stjörnubíói.

1. ágúst 1874:
Ný stjórnarskrá fyrir Ísland gekk í gildi. Sérstakt stjórnarráð fyrir Ísland var stofnað í Kaupmannahöfn.

2. ágúst 1874:
Þjóðhátíð vegna 1000 ára Íslandsbyggðar haldin um land allt. Hátíðin var haldin í Öskjuhlíð í Reykjavík. Gengin var skrúðganga frá Dómkirkjunni að Öskjuhlíð eftir messu. Við messuna var frumfluttur Lofsöngur eftir Matthías Jochumsson við lag eftir Sveinbjörn Sveinbjarnarson.

3. ágúst 1969:
Í Húsafellsskógi voru um tuttugu þúsund manns á Sumarhátíðinni, eða um tíu prósent allra Íslendinga. Þetta er fjölmennasta útihátíð sem haldin hefur verið um verslunarmannahelgi á Íslandi.

Þjónustu-auglýsingar

A Member of The Linde Group | AGA

AGA GAS

ALLS STAÐAR

Ísafjörður: Vélsmiðja Þrastar Marzellíussonar ehf, s. 456 3349.
Bjarkalundur: Hótel Bjarkalundur, s. 695 2091.

Ráðandi - auglýsingastofa ehf

ÞÚ GETUR SLAKAÐ Á OG UPPLIFAÐ ÖRYGGI VIÐ GRILLIÐ MEÐ AGA GAS